

Ed.

294. Frumvarp til laga

[167. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 1. febr.)

Samhljóða þskj. 262 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 14. greinar hljóði svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

4. gr. hljóðar svo:

73. grein hljóði svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 19. gr. barnalaga, nr. 9/1981, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur skv. úrskurði innan þeirra marka, er 14. gr. setur um fjárhæð meðlags og aldur barna.

Framlag til menntunar og starfsþjálfunar samkvæmt 17. gr. barnalaga, nr. 9/1981, er þó heimilt að greiða samkvæmt úrskurði til 20 ára aldurs.

Á sama hátt getur barnsmóðir fengið skv. yfirvaldsúrskurði greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslueyri í allt að 3 mánuði skv. 25. gr. 1. mgr. barnalaga nr. 9/1981.

b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að 9 mánuði skv. 25. gr. 2. mgr. barnalaga.

c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 26. gr. 1. mgr. barnalaga.

Þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. eftir að dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð, getur móðir fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka, er 14. gr. setur.

6. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. janúar 1982.